
Erindi fyrir næsta sveitarstjórnarfund - Girðing milli Þingborgar og Lambastaða

From Almar og Svana <heima@lambastadir.is>

Date Thu 2025-09-04 12:22

To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Sæl Hulda.


Í framhaldi af samtali okkar um girðingu milli landareigna Lambastaða og Flóahrepps förum við undirrituð fram á eftirfarandi:

Girðing sú sem er núna á umræddum landamerkjum er ónýtt og verður ekki lagfærð. Samkvæmt girðingalögum bera landeigendur sameiginlegan kostnað, í þessu tilfelli Flóahreppur og eigendur Lambastaða. Við leggjum til að kostnaður skiftist þannig að undirrituð sjái um niðurrif á núverandi girðingu og framkvæmd við að girða en Flóahreppur leggi til efni og hnitsetningu hornpunkta. Girðingin verði úr grænum vír, sex strengja á hæð, gaddavír neðst og efst. Girðingastaurar verði keyptir samkvæmt reglum Vegagerðarinnar svo og hornstaurar. Verkefnið verður framkvæmt næsta vor.

Í ljósi þess að Flóahreppur virðist vera að fara í uppbyggingu íbúða á þessu svæði sunnan Þingborgar telja undirrituð nauðsynlegt að vel fjárheld girðing sé á landamerkjum til að komast hjá óþarfa leiðindum sem geta sprottið upp milli búfjáreigenda og garðeigenda í þéttbýli.

Við telju æskilegt að hnitasetja hornpunkta af fagaðila þannig að girðingin lendi örugglega í landamerkjum.

Sjá teikningu þar sem endurnýja þarf umrædda girðingu (merkt með rauðu).



Kv.
 Almar Sigurðsson
 Svanhvít Hermannsdóttir
 Lambastöðum